

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. maí 2025 í máli nr. 150/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. nóvember 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að tölvuskjár sem hann keypti af varnaraðila sé haldinn galla og krefst nýrrar afhendingar. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi 12. desember 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör bárust frá varnaraðila þann 19. desember 2024. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum varnaraðila bárust 21. janúar 2025 og athugasemdir varnaraðila degi síðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda beggja aðila, reikningur varnaraðila dags. 3. nóvember 2022 og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila.

Með bréfi, dags. 27. maí 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á tveimur tölvuskjám af gerðinni [...] af varnaraðila þann 3. nóvember 2022 og greiddi 259.000 krónur fyrir. Að sögn sóknaraðila var annar skjárinna við kaupin með dauðum depli (e. pixel) og hafi varnaraðili því afhent honum nýjan skjá sökum þess. Í október 2024 hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og kvartaði undan því að einn depill í hinum skjánum væri fastur. Taldi sóknaraðili að um galla væri að ræða sem varnaraðili bæri ábyrgð á. Óskaði sóknaraðili eftir því að fá nýjan skjá afhentan. Varnaraðili taldi hins vegar að ekki væri um galla í skjánum að ræða og hafnaði nýrri afhendingu.

Sóknaraðili vísar til þess að bilun hafi komið fram í hinum umþrætta tölvuskjá tæpum tveimur árum frá kaupunum sem lýsi sér sem fastur depill í skjánum. Hafi sóknaraðili upplýst varnaraðila um þennan ágalla og óskað eftir nýjum skjá en varnaraðili hafi hafnað því.

Sóknaraðili bendir á að komi þessi annmarki fram í sjónvarpi, sem hafi töluvert fleiri depla en tölvuskjár, sé það álitid galli. Þá vísi sóknaraðili til þess að [...] sé stór framleiðandi tækja. Kveðst sóknaraðili ekki vita hvort einhver munur sé á sjónvarpi eða tölvuskjá en kveðst telja að enginn myndi sætta sig við þessa bilun,

hvort sem hún sé í tölvuskjá eða sjónvarpi. Þá telur sóknaraðili ekki eðlilegt að bilun sem þessi komi fram í tölvuskjá innan tveggja ára frá kaupum og hljóti því að mega rekja hana til galla í tækinu. Kveðst sóknaraðili hafa átt marga tölvuskjái en aldrei hafi sambærileg bilun komið fram í þeim.

Varnaraðili vísar til þess að bæði tölvu- og sjónvarpsskjáir byggji á samþættingu milljóna depla sem hver um sig sé samansettur af þeim agnarsmáum undirdeplum, rauðum, grænum og bláum. Sökum smæðar og fjölda þessara depla sé verkfræðileg áskorun fólgin í því að framleiða slíka skjá og ekki sé óalgennt að einn eða fleiri slíkir deplar séu með skerta virkni. Deplarnir geti þá ýmist verið fastir í slökktri stöðu eða kveiktri. Sé kveikt staða alla jafna talin hvimleiðari þar sem slíkir deplar sjáist vel á dökkum bakgrunni, óháð birtingustillingum á skjá, á meðan deplar í slökktri stöðu séu minna áberandi. Varnaraðili bendir á að umþrættur skjár sé útbúinn 15 milljón undirdeplum og sé einn þeirra fastur í slökktri stöðu. Þetta hafi það í för með sér að á einsleitum bakgrunni í sama lit og undirdepillinn komi hann fram sem svartur punktur, tæplega 0,018 mm að stærð. Á bakgrunni, sem innihaldi litablöndu undirdepilsins, komi hann sjálfur fram í röngum lit þar sem einn undirtóninn vanti. Þannig komi hann fram sem bleikur á hvítum bakgrunni. Þetta sé greinanlegt með berum augum en það geti tekið smá stund að finna undirdepillinn sökum smæðar.

Varnaraðili byggir á því að enginn skjáframleiðandi taki ábyrgð á einum slökktum undirdepli. Telji varnaraðili því ekki forsvaranlegt að ætlast megi til þess að söluaðili framleiðanda beri ábyrgð á virkni allra depla tölvuskjás á meðan enginn framleiðandi treysti sér til slíks.

Varnaraðili telur að sóknaraðili verði að leggja fram gögn til stuðning þeirri fullyrðingu sinni að sambærilegur ágalli á sjónvarpi sé álitinn galli. Varnaraðili kveðst hafa reynt að afla sér upplýsinga frá helstu framleiðendum á þessu sviði og nái bestu ábyrgðir framleiðenda til eins kveikts depils en slökktir deplar þurfi iðulega að vera mun fleiri til að ábyrgð nái yfir slíkt. Slíkar ábyrgðir séu þó undantekningin og einkum sé boðið upp á slíka ábyrgð á ákveðnum línnum framleiðanda. Þá vísar varnaraðili til þess að það skipti í raun engu hvort einn framleiðanda bjóði upp á fullkomna deplaábyrgð þar sem aðrir framleiðendur séu ekki bundnir af því.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Samkvæmt a. lið 2. mgr. ákvæðisins skal söluhlutur „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Í b. lið 2. mgr. segir svo að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um tímamark við mat á galla, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrði fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupun ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupunum.

V Niðurstaða

Sóknaraðili keypti tvo tölvuskjáa af gerðinni [...] af varnaraðila þann 3. nóvember 2022 og greiddi 259.000 krónur fyrir, eða 129.500 krónur fyrir hvorn um sig. Við kaupin var annar þeirra með dauðum depli í (e. pixel) og afhenti varnaraðili sóknaraðila sökum þess nýjan skjá. Í október 2024 varð sóknaraðili var við að einn depill í hinum skjánum væri fastur. Greinir aðila á um hvort um sé að ræða galla í tækinu sem varnaraðili beri ábyrgð á. Krefst sóknaraðili afhendingar á nýjum skjá sem varnaraðili kveðst hafna að gera.

Um sölu varnaraðila á tölvuskjánum til sóknaraðila gilda lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ákvæði laganna byggja á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins 99/44/EB frá 25. maí 1999, um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar ber seljandi ábyrgð á göllum gagnvart neytandanum. Varnaraðili var viðsemjandi sóknaraðila og þar af leiðandi seljandi í þeim viðskiptum sem málið varðar, en ekki framleiðandi tölvuskjána. Úrlausn málsins fer fram á grundvelli ákvæða neytendakaupalaganna en ekki ábyrgðarskilmála framleiðanda umfram kröfu laganna, enda er samkvæmt 1. mgr. 3. gr. óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af ákvæðum laganna.

Líkt og að framan greinir kom hin umþrætta bilun upp í tölvuskjánum í október 2024 eða tæpum tveimur árum eftir afhendingu sbr. 7. gr. nkpl. Hvílir því á sóknaraðila að sýna fram á að tölvuskjáriinn hafi verið haldinn galla við kaupin. Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir því að sóknaraðili myndi leggja fram ljósmynd af hinum umþrætta tölvuskjá sem varpa myndi ljósi á ágalla hans. Varð sóknaraðili ekki við þeirri beiðni nefndarinnar. Álítur kærunefndin því að sóknaraðili hafi ekki lagt fram nein gögn sem styðja þá fullyrðingu að skjáriinn hafi verið haldinn galla þegar hann festi kaup á honum. Þá liggur ekkert fyrir sem staðreynir með skýrum hætti hver orsök bilunarinnar í skjánum er.

Með hliðsjón af framangreindu, sem og að teknu tilliti til málsgagna og atvika máls, er það mat kærunefndarinnar að ekki hafi verið leitt í ljós í málinu að tölvuskjáriinn hafi verið haldinn galla í skilningi nkpl. við afhendingu hans. Samkvæmt því verður að hafna kröfu sóknaraðila.

VI Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson